

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar, Miðbraut 11, er opin kl. 10-14.

Síminn er 430 4700 og símatími kl. 9-13.

Netfang Dalabyggðar er dalir@dalir.is

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Netfangið er bokasafn@dalir.is og síminn 430 4720

Opnunartímar eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18.

Endurvinnslan í Búðardal

Opnunartímar eru á þriðjudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 11-14

Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Netfangið er safnamal@dalir.is og sími 430 4700

Opnunartímar eru eftir samkomulag við héraðsskjalavörð,

Byggðasafn Dalamanna

Netfangið er safnamal@dalir.is og sími 430 4700 / 845 9952.

1. september - 31. maí er opið eftir samkomulagi við safnvörð.

Eiríksstaðir í Haukadal

Netfangið er siggijok@simnet.is og sími 434 1118 / 661 0434.

1. september - 31. maí er opið eftir samkomulagi við staðarhaldara.



DALAPÓSTURINN

13. tölublað, 7. árgangur

18. september 2014

Íbúafundur – Umferðaröryggi í Búðardal

Íbúafundur um umferðaröryggi í Búðardal verður haldinn í Dalabúð þriðjudaginn 23. september kl. 20.

Dagskrá

1. Umferðaröryggi í Búðardal

Erna B. Hreinsdóttir verkefnastjóri í hönnunardeild Vegagerðarinnar kynnir skýrslu sína.

2. Umræður og fyrirspurnir

Áhugasamir eru hvattir til að mæta.

Sveitarstjórn Dalabyggðar

Byggðasafn Dalamanna—sögustund

Önnur sögustund vetrarins verður sunnudaginn 28. september kl. 16 á Laugum. Aðgangseyrir er 500 kr.

Að þessu sinni verða sagðar sannar og lognar sögur af Abraham nokkrum úr Haukadalnum. Var hann uppi á 18. öld og ef allar sögur af eru sannar var hann sauðapjófur, stigamaður, útilegumaður, draugur, hreppstjóri og sitthvað fleira tók hann sér fyrir hendur.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.

Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur